

**457. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 10. júlí 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun.

Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir afbrigði skv. 20.gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps. Af dagskrá yrði tekinn 14.tl. kostnaðaráætlun vegna endurbóta og fluttur undir 9.tl. viðauki við fjárhagsáætlun. Á dagskrá yrði tekinn undir 14.tl. Siðareglur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps.

Þá er tvisvar (18.tl. og 24.tl.) á dagskrá undir liðnum til kynningar mál 1307007 - stofnun Samgöngustofu. Liður 24 er felldur út. Aðrir liðir færast ofar sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða. Oddviti lýsti fundinn lögmætann og settan.

Fjarverandi er Birna Benediktsdóttir í h.s. 1.varamaður Guðni Ólafsson.

Dagskrá:

1. 1307029 - Verkfundargerð, Gamla bryggja þekja og lagnir. fundargerð frá 19 júní 2013.

Til kynningar.

2. 1307034 - 82. fundur stjórnar NAVE

Til kynningar.

3. 1304007F - [Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 46](#)

Tekin er fyrir fundargerð Byggingarnefndar.

Hreppsnefnd tekur tölulið tvö á fundargerð Byggingarnefndar.

1306081 - Ný náma við Hálfán

Tekinn er fyrir uppdráttur dagsettur 28. júní 2013, af fyrirhuguðu efnistökusvæði við Hálfán við Vestfjarðarveg nr. 63. Um er ræða 4 ha. svæði og fyrirhuguð er efnistaka 4.000 m³ á ári næstu 5-6 ár.

Skipulagsfulltrúa falið að óska eftir umsögnum viðeigandi stofnana við veitingu framkvæmdaleyfis til efnistöku í samræmi við 1. tl. Ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Ástæðan fyrir veitingu undanþágunnar er vöntun á efni til viðhalds á vegum á svæðinu.

Hreppsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis, með fyrirvara um samþykki landeiganda, að fengnum umsögnum ofangreindra stofnana.

Samþykkt samhljóða.

Sjötti töluliður tekin til afgreiðslu:

Tálknafjarðarhreppur vinnur nú að breytingum á aðalskipulagi 2006-2018. Tekin er fyrir greinargerð dagsett 5. júní 2013 unnin af Landmótun. Greinargerðinni fylgir uppdráttur. Um er að ræða breytingu á þremur iðnaðarsvæðum í landi Norður-Botns. Í fyrsta lagi er afmörkun borhola. Í öðru lagi nýtt svæði fyrir fiskeldi í Botnsdal sem er stækkun á svæði 13 þar sem er þegar fyrir fiskeldi og heitavatnsholur. Í þriðja lagi 25-40 kW smávirksjun í Keldeyrará. Enn fremur er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði á Hálfháni við Bíldudalsveg nr. 63. Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar var unnin skipulagslýsing og var hún auglýst skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í athugasemd sem barst var gerð athugasemd við gefna framleiðslugetu smávirksjunar í Norðurbotni eins og henni er lýst í skipulagslýsingunni og óskað eftir að hún fari í umhverfismat. Framleiðslugeta smávirksjunarinnar hefur verið leiðrétt í samræmi við athugasemdina verður hún 25-40 kW og stærð lóns 30 m². Virksjunin fellur ekki undir, a lið VI kafla 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og verður því ekki unnið mat á umhverfisáhrifum vegna virksjunarinnar. Umsagnir bærust frá Umhverfisstofnun, Fiskistofu, Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Tekið var mið af umsögnum umsagnaraðila við gerð breytingarinnar. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áttundi töluliður tekin til afgreiðslu

Niðurstaða:

Deiliskipulag vegna virksjunar í Keldeyrará í Tálknafirði Tekin fyrir. Deiliskipulagstillagan samanstendur af greinargerð og uppdrátt. Deiliskipulagstillagan er unnin af teiknistofnunni Eik og er dagset í júní 2013. Markmið framkvæmdarinnar er að virkja rennsli Keldeyrarár í Tálknafirði. Virksjun Keldeyrarár er það lítil að hún er ekki tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2006. Stærð skipulagssvæðisins, sem er í landi Eysteinsyrar og Norður-Botns í Tálknafirði, er rúm 13 ha. Deiliskipulagið tekur til svæðis umhverfis neðsta hluta Keldeyrarár, en landamerki jarðanna liggja um hana. Að öðru leyti liggur skipulagssvæðið fjarri landamerkjum, en þó er landspildan Hjallatún um 0,5 km sunnan við svæðið.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Níundi töluliður tekin til afgreiðslu.

Deiliskipulag vegna Norður-botns í Tálknafirði Tekin fyrir. Deiliskipulagstillagan samanstendur af greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdráttum 1 og 2. Deiliskipulagstillagan er unnin af teiknistofnunni Eik og er dagsett í júní 2013. Markmið framkvæmdarinnar er að stækka núverandi fiskeldisstöð í landi Norður-Botns1. Stærð skipulagssvæðisins, sem er í landi Norður-Botns í botni Tálknafjarðar, er um 130 ha. Deiliskipulagið tekur til svæðis í botni fjarðarins frá Keldeyri,

um heimatúnin vestur fyrir Botnsá og fram dalinn þar sem núverandi borholur og vatnslagnir eru. Hjallatún er utan skipulagssvæðisins sem liggur að öðru leyti fjarri landamerkjum. Fiskeldi er þegar starfrækt í þremur byggingum sem standa á heimatúni Norður-Botns. Eldistjarnir eru í fjörunni neðan bygginganna og á Keldeyri.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrsti, þriðji, fjórði, fimmti og sjöundi töluliðir bornir upp til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

4. 1306059 - Ósk um að fá að bjóða í tryggingar sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd þakkar bréfitara framkominn áhuga á málinu. Enn er í gildi samningur vegna tryggingamála hjá sveitarfélaginu og ekki stendur til að fara í útboð á meðan sá samningur er í gildi.

Samþykkt samhljóða.

5. 1306079 - Fundarboð, 58. Fjórðungsping Vestfjarða.

Sveitarstjóra falið að ganga frá kjörbréfi.

Samþykkt samhljóða.

6. 1306077 - Kauptilboð í fasteignina Miðtún 3a 212-4578

Sveitarstjórn samþykkir framlagt tilboð og er sveitarstjóra falið að ganga frá eignaskiptasamningi, kaupsamningi og útgáfu afsals.

Samþykkt samhljóða.

7. 1306009 - Umsókn um styrk vegna framkvæmd við íþróttasvæði.

Hreppsnefnd samþykkir að veita 250 þús. kr. í styrk til uppbyggingar á frjálsíþróttaaðstöðu ungmennafélags Tálknafjarðar.

Samþykkt samhljóða.

8. 1307023 - Sameiginleg fjallskilanevnd: fulltrúi Tálknafjarðarhrepps.

Hreppsnefnd samþykkir að Lilja Magnúsdóttir verði aðalmaður Tálknafjarðarhrepps í sameiginlegri fjallskilanevnd Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggðar. Varamaður Lilju er Símon Viggósson.

Samþykkt samhljóða.

9. 1306036 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.

Hreppsnefnd samþykkir tilfærslu milli deilda, að launakostnaður vinnuskóla að upphæð 5.150 þús. kr. verði fluttur af deild 1152 á deild 0627.

Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 1.1 í framlögðum gögnum að upphæð 950 þús.kr.

Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.2 í framlögðum gögnum að upphæð 2.000. þús.kr.

Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.3 í framlögðum gögnum að upphæð 700. þús.kr.
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.4 í framlögðum gögnum að upphæð 750. þús.kr.
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.5 í framlögðum gögnum að upphæð 500. þús.kr.
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.7 í framlögðum gögnum að upphæð 650. þús.kr. (BSH sat hjá)
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.8 í framlögðum gögnum að upphæð 1.000. þús.kr.
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.9 í framlögðum gögnum að upphæð 300. þús.kr
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.11 í framlögðum gögnum að upphæð 1.800 þúsund kr.
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.13 í framlögðum gögnum að upphæð 1.500 þúsund kr.
Hreppsnefnd samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.14 í framlögðum gögnum að upphæð 3.000 þúsund kr.
Sveitarstjóra falið að senda sveitarstjórnarmönnum uppfærðan samstæðureikning miðað við ofangreindar breytingar.

Sveitarstjóra heilmilað að hækka yfirdrátt á aðalreikningi sveitarfélagsins um 15.000 þús. kr.
Samþykkt samhljóða.

10. 1307024 - Samningur Tálknafjarðarhrepps og Hjallastefnunar ehf. um rekstur Tálknafjarðarskóla ásamt viðaukum.

Fyrir fundinum liggur samningur um skólahald í Tálknafirði fyrir næstu tvö skólaár, eða þann tíma sem grunnskólinn starfar sem þróunarskóli, skv 44. gr laga nr. 91 frá 2008, um grunnskóla. Samningurinn er á milli Tálknafjarðarhrepps og Hjallastefnunar ehf. Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
Samþykkt samhljóða.

11. 1307026 - Tillaga að gjaldskrá Leikskólans Vindheima.

Tillagan er samþykkt.

12. 1307025 - Tillaga að gjaldskrá Tónlistarskóla Tálknafjarðar.

Tillagan er samþykkt.

13. 1306060 - Styrktarsjóður EBÍ 2013

Lagt fram til kynningar.

14. 1303035 - [Siðareglur, drög](#)

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að Siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Tálknafjarðarhrepp.
Jafnframt er sveitarstjóra falið að koma samþykktum reglum til birtingar í samræmi við 29. gr laga nr. 138 frá 2011.

Samþykkt samhljóða.

15. 1307036 - Nýtingaáætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að auglýsa tillögu að nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2024.

Samþykkt samhljóða.

16. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Sveitarstjóri lagði fram gögn um innheimta staðgreiðslu á fyrri helming ársins og eru innborganir í góðu jafnvægi við fjárhagsáætlun. Einnig var lagt fram yfirlit um launakostnað á fyrri hluta ársins. Þar kemur fram að launakostnaður er vel í takti við fjárhagsáætlun.

Unnið var við lóð við leikskólann, og er framkvæmdum þar með lokið á þessu ári, einnig er búið að lagfæra myndavélakerfið í sundlaug og íþróttahúsi.

Sveitarskrifstofan verður lokuð vegna sumarleyfa frá 29. júlí til 12. ágúst.

17. 1306061 - Námsferð til Skotlands 3 - 5 sept.

Til kynningar.

18. 1307007 - Stofnun Samgöngustofu

Til kynningar.

19. 1306073 - Tjónskvittun vegna bruna í Móatúni 18

Til kynningar.

20. 1306064 - Tilkygning um útgáfu ábyrgðar

Til kynningar.

21. 1306062 - Úthlutun úr Námsgagnasjóði

Til kynningar.

22. 1306068 - Niðurstöður af sýni af neysluvatni Tálknfirðinga tekið þann 14.05.2013

Til kynningar.

23. 1307006 - Hafna- og rekstrarsvið Siglingastofnunar sameinar Vegagerðinni.

Til kynningar.

24. 1306063 - Fundargerð heilbrigðisnefndar 31.maí 2013

Til kynningar.

25. 1304015 - Samþykktir Náttúrustofu Vestfjarða

Til kynningar.

26. 1307033 - Ársfundur aðildarsveitarfélaga NAVE 28. júní 2013.

Til kynningar.

27. 1307032 - Upplýsingar um fréttir frá jöfnunarsjóðnum.

Til kynningar.

28. 1307030 - Þjónustusamningur um símavist

Til kynningar.

29. 1306069 - Samningur um verkið "Tálknafjörður, Gamlabryggja þekja og lagnir"

Til kynningar.

Næsti fundur hreppsnefndar verður skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps 11.september 2013.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____